



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um aldur og aðstæður þeirra sem bíða eftir sértæku húsnæði.*

Þann 15. september 2021 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn um aldur og aðstæður þeirra sem bíða eftir sértæku húsnæði:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um aldur og aðstæður þeirra sem bíða eftir sértæku húsnæði. Staðan í Reykjavík er svona: Þann 1. september sl. var fjöldi umsækjenda sem bíða eftir fyrsta húsnæði 136 og fjöldi sem bíður eftir milliflutningi 32. Samtals sem sagt 168. Margir bíða fram á fullorðinsár eftir búsetuúrræði. Það er mikið lagt á fatlað fólk sem orðið er rígfyllorðið og fær ekki búsetuúrræði. Margir hafa beðið árum saman. Biðlistar eru ekki eiginlegir biðlistar heldur „haugur“ af því, sem virðist, sem hirt er úr eftir hendinni eða hvað? Alla vega hefur komið fram ítrekað að sagt sé við einstakling að hann sé næstur en síðan er hann það ekki og annar tekinn fram fyrir og sá sem átti að vera næstur bíður jafnvel í ár eða meira í viðbót. Þetta reynir á foreldrana en margir búa hjá foreldrum meðan þeir bíða og mest reynir þetta á umsækjendur sjálfa.

Svar:

Með húsnæði fyrir fatlað fólk er átt við húsnæðisúrræði í skilningi reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um þjónsutu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Húsnæði fyrir fatlað fólk er íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks. Þetta húsnæði skiptist í sértækt húsnæði og í húsnæði með stuðningi.

Þann 1. september 2021 voru umsóknir frá 136 einstaklingum á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk. Flestir á bið eru á aldrinum 20 til 24 ára eða 59 talsins.

Tafla 1.

*Biðlisti eftir húsnæði fyrir fatlað fólk 1. sept. 2021. - Nýjar umsóknir
Fjöldi umsækjenda skipt tegund fötlunar og aldri.*

Aldur	Geðfatlanir	Proskahamlaðir	Samtals
18-19 ára	0	6	6
20-24 ára	5	54	59
25-29 ára	7	19	26
30-39 ára	8	17	25
40-49 ára	6	5	11
50-59 ára	1	4	5
60-66 ára	2	1	3
67 ára og eldri	1	0	0
Samtals	30	106	135

Þá eiga 32 einstaklingar umsókn um milliflutning. Flestir þeirra búa í dag á herbergjasambýlum en velferðarsvið vinnur að því að bjóða fötluðu fólki sem býr á herbergjasambýlum upp á aðra búsetukosti samkvæmt lögum nr. 38/2018 og reglugerð um sértæk húsnæðisúrræði nr. 370/2016. Frá yfirfærslu málaflökks fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga hafa íbúar sex herbergjasambýla fengið tilboð um aðra búsetukosti. Unnið er jafnt og þétt að lokun herbergjasambýla og gert ráð fyrir að þau heyri sögunni til í lok árs 2027.

Tafla 2.

*Biðlisti eftir milliflutningi í húsnæði fyrir fatlað fólk 1. sept. 2021.
Fjöldi umsækjenda skipt tegund fötlunar og aldri.*

Aldur	Geðfatlanir	Proskahamlaðir	Samtals
20-24 ára	0	1	1
25-29 ára	4	3	7
30-39 ára	1	6	7
40-49 ára	0	6	6
50-59 ára	2	7	9
60-66 ára	2	0	2
Samtals	9	23	32

Þeir einstaklingar sem bíða eftir úthlutun húsnæðis búa flestir í foreldrahúsum eða 85 einstaklingar af 136.

Tafla 3.

*Biðlisti eftir húsnæði fyrir fatlað fólk 1. sept. 2021. - Nýjar umsóknir
Fjöldi umsækjenda skipt eftir núverandi húsnæðisaðstæðum og tegund fötlunar.*

Húsnæðisaðstæður	Geðfatlanir	Proskahamlaðir	Samtals
Býr hjá foreldrum	8	77	85
Dvelur hjá öðrum	3	10	13
Á stofnun	5	2	7
Húsnæði f. fatl. fólk í öðru sveitarfélagi	2	5	7
Leiguhúsnæði Félagsbústaða	1	5	6
Eigið húsnæði	3	2	5
Leiguhúsnæði félagasamtaka	2	3	5
Íbúð á almennum leigumarkaði	2	1	3

Húsnæðislaus	3	0	3
Herbergi á almennum leigumarkaði	0	1	1
Samtals	29	106	135

92 einstaklingar af þeim 136 sem biðja eftir húsnæði fá ýmis konar stuðning á biðtíma eða 68%.

Tafla 6.

Fjöldi umsækjenda á biðlista með nýja umsókn um húsnæði fyrir fatlað fólk 1. sept. 2021, sem fær aðra þjónustu velferðarsviðs.

Tegund þjónustu	Geðfatlanir	Þroskahamlaðir	Samtals
Akstursþjónusta	4	67	71
Liðveisla	5	52	57
Vinna og virkni		38	38
Frekari liðveisla	4	33	37
Skammtímadvöl		34	34
Heimaþjónusta	3	13	16
Stuðningsfjölskylda	1	12	13
Notendastýrð persónuleg aðstoð		3	3
Heimsendur matur	1	2	3
Húsnæði fyrir fatlað fólk	1	1	2
Fjöldi umsækjenda sem fær aðra aðstoð	9	83	92
<i>Hlutfall umsækjanda sem fær aðra þjónustu velferðarsviðs</i>	<i>30%</i>	<i>78%</i>	<i>68%</i>